Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Guðrún Pétursdóttir, móðir Bjarna

Bjarni Benediktsson – Guðrún Pétursdóttir, móðir Bjarna – Ólöf – Guðrún – Ránka Baldurs - Ása

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 7. ágúst 1939.

Elsku Bjarni minn.

Ég þakka þér bréf frá þér sem ég fékk fyrir löngu síðan, hefir pabbi þinn og eins Ólöf skrifað þér síðan. Af okkur hér er allt sæmilegt að frétta, við erum frísk og fámennt er hér heima, oftast enginn nema við Benedikt, og þá oftast ég ein. Guðrún fór austur landveg með Jóhanni, er enn þá óráðið hvenær hún kemur aftur, að öllum líkindum seinni partinn í ágúst. Svo fór Ólöf, Bárka Baldurs og Ása upp í Kjós og tjölduðu hjá Hálsi og voru þar í útilegu í eina viku og voru afar heppnar með veður, var allt af steikandi sólskin og logn. Svo hefir Ólöf verið túlkur þrisvar sinnum, nú í dag er hún með Svíum af Drottningholm. Í dag var hellirigning í morgun en nú er stitt upp og sæmilegt veður, þó er ekki heiðskírt og eru Svíarnir óheppnir með veðrið.

Það kom skeyti til pabba þíns í fyrradag þar sem þú biður um að senda þér 20 pd. Ég var nú búin áður, til vonar og vara

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að tala við Einvarð og útbjuggum við umsókn um 700 kr. ísl., ég gat svo ekki verið að minnka það, vissi hvort sem er að þú myndir alveg eins fá 25 pd. eins og 20. Gjaldeyrisleyfið fékkst svo strax, en í morgun talaði ég við Jón Maríusson og sagði hann að enginn eyrir væri til af útlendum gjaldeyri, sama sagði Þorsteinn hagstofustj., hann sagði að greiðslurnar hefðu verið svo gífurlegar í júlí að allt hefði verið tekið sem hægt var.
Spurði ég þá Jón Mar. hvort ég ætti að síma þér að enginn eyrir væri til, hváð hann nei við og sagðist vona að úr þessu rættist á þriðjudag þann 8. ág. Helgi Tóm. sótti um gjaldeyri sama dag og þú, og fékk ákveðið nei sagði Einar stjúpi hans við mig í dag. Auðvitað nefndi ég ekkert hvað hefði orðið ágengt fyrir þig. En ég þurfti nú bæði að síma og elta karlana. Ef nokkuð gengur af pd. hjá þér, þá blessaður seldu mér þau og láttu Pétur fá það til varðveislu því hrædd er ég um að erfitt verði að fá nokkra útlenda peninga handa Guðrúnu systur þinni en það er búið að lofa henni, að hún fái að sigla til Péturs í haust og fara á hússtjórnarskóla ef hægt er.
Vertu blessaður og sæll Bjarni minn.

Þín mamma Guðrún

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur